



Aðalfundur Landssambands fiskeldisstöðva, 29. maí 2009, haldinn í fóðurgeymslu Silfurstjörnunnar hf. í Öxarfirði kl. 11:00

Áður en fundur var settur minntust fundarmenn Sigurfinns Jónssonar sem lést í bílslysi 27. maí s.l. Sigurfinnur var starfsmaður Íslandsbleikju um langt skeið.

Tillaga lá fyrir að Jónas Jónasson stýrði fundi og Guðbergur Rúnarson ritaði fundargerð. Tillagan var samþykkt einróma.

Fundarstjóri staðfesti að til fundarins hefði verið boðað samkvæmt lögum félagsins, en fundurinn var boðaður með bréfi, póstlagt 6. maí s.l. Fundarstjóri staðfesti einnig að aðalfundurinn væri löglegur þar sem 24 fulltrúar væru mættir með atkvæðastyrk sem næmi 54% í Landssambandi fiskeldisstöðva.

1. Skýrsla stjórnar og ræða Jóns Kjartans Jónssonar formanns LF sem Jónas Jónasson las upp í forföllum Jóns.

Ágætu fiskeldismenn,

Ég vil byrja á að bjóða ykkur öll velkominn hingað í dag. Það er mér og öðru starfsfólki sérstök ánægja að hafa ykkur og fá tækifæri hér á eftir til að sýna ykkur hvernig uppbyggingu þessarar stöðvar hefur verið háttað undanfarin ár.

Þrátt fyrir hrun bankanna á haustmánuðum síðasta árs hafa fréttir af fiskeldi verið fremur jákvæðar ef frá er talinn sorglegur bruni í Fljótunum nú fyrir skemmstu. Fyrir okkar rekstrargrunn munar miklu að gengi íslensku krónunnar hefur lækkað verulega gagnvart helstu gjaldmiðlum í viðskiptum með eldisfisk og styrkt samkeppnisstöðu framleiðanda hér á Íslandi.

Laxeldi var í lágmarki á síðasta ári og ljóst er að laxeldi í fullum skala verður ekki á Íslandi á næstu árum.

Áfram verður eldi á laxi hjá Rifós í Kelduhverfi. Rifós hefur verið að auka sína framleiðslu á bleikju meðfram laxaframleiðslunni. Hér hjá Silfurstjörnunni hefur aðeins verið aukið aftur við laxeldi og eru afurðirnar fluttar að mestu ferskar til Ameríku. Hjá Stofnfiski er einnig nokkuð laxeldi og aftur hefur færst mikill kraftur í útflutning hrognna hjá félaginu eftir nokkra lögð. Íslandslax hefur undanfarin þrjú ár verið með seiðasölusamning við norska aðila um sölu á allt að milljón laxaseiðum næstu ár. Samningurinn er viðurkenning fyrir félagið á framleiðslu þess, hágæðaseiðum sem standast fyllilega kröfur á alþjóðlegum markaði. Því miður hefur enn ekki náðst traustur rekstrargrunnur fyrir seiðaeldi á lúðu en samningar hafa þó batnað og gengið hjálpar verulega til ef tekst að framleiða umsaminn fjölda seiða.

Tilraunaeldi á þorski er enn á frumstigi og með því að Brim dró sig út úr eldinu eru einungis tveir fjársterkir aðilar að þróa þessa grein og ekki útlit fyrir að nýir bætist við á næstu misserum. Þorskeldi í Noregi er komið nokkuð lengra en hjá okkur, bæði hvað varðar stöðugt framboð góðra seiða og eldi í sjó. Þrátt fyrir það eru miklir erfiðleikar í þorskeldi í Noregi og ljóst, að fjármögnun þar er einnig að skornum skammti og aðilum mun fækka verulega á komandi misserum. Að auki verða sett út mun færri seiði í Noregi í ár en undanfarin ár.

Áfram er mjög mikil framleiðsluaukning á bleikju milli ára og eru miklar vonir bundnar við þá tegund í eldi á Íslandi. Mikið hefur verið fjárfest í vinnslu og markaðsetningu hennar undanfarin fjögur ár sem vonandi skilar sér nú á komandi árum.

Heildarframleiðsla í fiskeldi á Íslandi nam um 4900 tonnum á árinu 2008 sem er svipað magn og árið á undan sem er mikil samdráttur frá því að laxeldi var í hámarki árið 2006 með um 10.000 tonn í fiskeldi.

Á starfsárinu komu fjögur lagafrumvörp til umsagnar hjá félaginu. Eitt þeirra, frumvarp til laga um fiskeldi, þingskjal 831, er almennur lagarammi um fiskeldi. Lögin skipta að sjálfsögðu miklu máli fyrir okkur. Verið



var að samræma lögini miðað við sameiningu ráðuneyta auk þess sem gömlu lögnum var í raun skipt upp í fjóra lagabálka: stjórnsýslu, stangveiðar, fiskræktarsjóð og fiskeldi.

LF gerði ýmsar almennar athugasemdir við frumvarpið, sérstaklega um ýmis ákvæði umfram umhverfismat, t.d. viðbótarskilyrði um vistfræði og auknar kröfur um rannsóknir á kostnað umsækjenda og við heftandi lagagreinar sem hafa neikvæð áhrif á stöðu greinarinnar og skapa óvissu um útgáfu nýrra leyfa til fiskeldis. Ég fór ásamt framkvæmdarstjóra sambandsins á fund í sjávarútvegsnefnd til að fylgja okkar ábendingum eftir og í kjölfarið voru sumar af okkar athugasemdum teknar til greina hjá löggjafanum og aðrar ekki. Það jákvæða er að með samþykkt þessara laga s.l. voru eru komin ein lög um fiskeldi sem heyra undir eitt ráðuneyti og hagsmunahópunum sem eru beinir aðilar að lögnum fækkar sem gerir alla framkvæmd einfaldari.

Eins og fram hefur komið í síðustu árskýrslu LF fyrir starfsárin 2004, 2005, 2007 og 2008 beittir félagið sér til að ná ásættanlegri niðurstöðu um raforkumál með fundum með ráðuneytum, stofnunum og raforkufyrirtækjum. Niðurstaða þessara viðræðna var að Landsvirkjun veitti nokkrum fyrirtækum einhliða afslátt á raforku til þriggja ára sem rann út í lok ársins 2007. Þá hefur LF átt fundi með landbúnaðarráðherra og sent honum bréf þar sem félagið óskaði eftir því að hann beitti sér fyrir því, að rekstrarforsendur og samkeppnisstaða fiskeldisfyrirtækja versnaði ekki til mikilla muna frá því ný raforkulög tóku gildi.

Rétt er að halda til haga að með fréttatilkynningu 18. apríl 2006 tilkynnti ríkisstjórnin eftirfarandi um raforkumál:

„Ríkisstjórnin mun leita leiða og vinna að því að sambærilegt raforkuverð gildi fyrir stærstu fiskeldisfyrirtækin eftir að núverandi samkomuleg fyrirtækjanna og Landsvirkjunar rennur út. Ríkisstjórnin leggur með því áherslu á að fiskeldisfyrirtækin búi áfram við sömu kjör og nú gilda“.

Á síðastliðnu ári kom Landsvirkjun að hluta til, til móts við fiskeldisfélögin með eingreiðslu til félaganna. Í ár hafa engir samningar náðst við ríkisvaldið þrátt fyrir að áfram hafi verið fundað.

Stuðningssamningur um kynbótastarfssemi bleikju á Hólum rennur út á þessu ári. Landssambandið vakti athygli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins á stöðunni og mikilvægi kynbótastarfsins fyrir bleikjueldið með bréfi í janúar s.l. ásamt fundi með ráðuneytinu. Niðurstaðan var sú að ráðherra ákvað að styrkja þetta starf áfram með árlegu 14 milljón kr. framlagi til ársins 2015 en loforð þessu tengd var einnig gefið í apríl 2006.

Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið 2007 var haldinn í fundarsal Brims hf. á Akureyri 30. maí 2008. Í tengslum við aðalfundinn stóð LF fyrir fiskeldisfund í samstarfi við ýmsa aðila og sóttu um 30 manns fundinn. Starfsemi og aðstaða Brims fiskeldis á Akureyri var skoðað þennan dag og ásamt þorskeldi í sjókvíum í Eyjafirði.

Félögum í LF fjölgaði á milli ára. Atkvæðafjöldi á aðalfundi fyrir starfsárið 2007 var 44 en er nú með innkomu þorskeldisins 63 tryggir tekjugrunn félagsins. Það er hinsvegar áhyggjuefni að fyrirtækjum í þorskeldi fer fækkandi og LF spáir samdrætti eða stöðnun í framleiðslu.

LF er hagsmunagæsluaðili fiskeldisins á Íslandi. Það tengir saman stjórnvöld og fiskeldismenn og er sá aðili sem stjórnvöld leita umsagnar hjá varðandi lög og reglur sem tengjast fiskeldi. Það er að mínu mati nauðsynlegt að hafa slík samtök sem standa vörð um hagsmuni fiskeldi á Íslandi almennt.

Undanfarinn ár hefur félagið komið að stórum málum sem tengjast löggjafanum og framkvæmd laga auk þess sem unnið hefur verið í raforkumálum eins og áður sagði. Ég tel að það sé styrkur fyrir okkur að vera með alla aðila innan eldisins í félaginu. Þannig getum við haft áhrif auk þess sem við getum verið vettvangur skoðanaskipta og upplýsingagjafar til eldismanna á Íslandi. Fram hafa komið hugmyndir um aðkomu LF að því hvað er verið að rannsaka, tengt fiskeldi á Íslandi og hvert eigi að stefna rannsóknum tengdum okkar iðnaði og tel ég að þarna eigi að vera hægt að nýta þá þekkingu sem er hjá félagsmönnum.



Markaðsátak fyrir bleikju 2008

Félagið er í samstarfi við Menju, Samherja, Landbúnaðarráðuneytið og Íslandsbleiku um markaðsátak fyrir bleikju 2007 – 2009. Markmið verkefnisins er að stækka erlenda bleikjumarkaði í takt við aukna framleiðslu hér á landi á næstu árum og hugsanlega erlenda samkeppni í náginni framtíð, koma í veg fyrir verðfall á bleikju vegna aukinnar framleiðslu og framboðs á bleikju. Verkefnið er styrkt af Framleiðnisjóð landbúnaðarins og AVS rannsóknasjóði.

Félagið stóð að kynningu á bleikju í fjórða sinn á sjávarútvegssýningunni í Brussel, 21 til 23. apríl 2008 í samstarfi við sölufyrirtækið Menju ehf. og Samherja hf. Styrkur fékkst frá AVS rannsóknasjóði og Framleiðslusjóð landbúnaðarins til að standa undir hluta kostnaðar við sýninguna. Í febrúar 2008 fóru Menja ehf., Samherji hf. og Íslandsbleikja markaðs- og kynningarferð til Boston á vegum bleikjuverkefnisins til að kynna bleikju. Árangur af verkefninu „Markaðsátak fyrir bleikju“ er að skila fleiri viðskiptavinum í Bandaríkjunum og Evrópu sem kaupa bleikju frá Íslandi. Að auki tók félagið á ári þátt í sýningu í Svíþjóð með Menju sem töluverðar vonir eru bundnar við. Tilgangurinn með að LF sé að standa í slíku markaðsstarfi er að þeir viðskiptavinir sem koma til okkar nýtist fleirum einum framleiðanda. Markaðsstarf fyrir bleikju er afar mikilvægt því bleikja er lítið þekkt tegund. Mikilvægt er að kynna bleikju og stækka markaðinn fyrir hana. Vöxtur í bleikjueldi er mikill eða úr tæpum 1000 tonnum árið 2005 í 3200 tonn í ár samkvæmt áætlun.

Þorskeldisráðstefna.

LF var þátttakandi í þorskeldisráðstefnunni, Stöðumat og stefnumót í þorskeldi, 11 og 12. september. Vel tókst með ráðstefnuna og var hún vel sótt af þorskeldismönnum.

Í ár eru fyrirhugaðar tvær ráðstefnur á vegum Lf. Önnur er samnorræn ráðstefna um bleikjueldi og hin stefnumótun í fiskeldi. Ráðstefnunnar eru á dagskrá 13 til 16 október.

Eldið - Slátrun á eldisfiski í tonnum, heill óslægður fiskur *Round fish*

	Áætlun									
	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Lax <i>Atlantic Salmon</i>	500	283	1158	6895	6094	6020	3700	1471	2645	3370
Bleikja <i>Arctic Charr</i>	3200	3006	2145	1426	977	1336	1670	1540	1320	1364
Regnbogi <i>Rainbow Trout</i>	100	0	10	10	50	142	180	248	105	95
Lúða <i>Halibut</i>	50	19	31	141	129	123	95	120	93	30
Sandhverfa <i>Turbot</i>	80	41,4	70	47	115	62	32	9	3	0
Þorskur <i>Cod</i>	1200	1502	1467	1412	1050	595	445	205	70	11
Samtals Total	5.130	4.851,4	4.881	9.931	8.415	8.278	6.153	3.620	4.279	4.905

Fyrir þá sem hafa verið um árabíl í fiskeldi þá vitum við að fiskeldi er brekka. Þannig hefur saga fiskeldis á Íslandi nánast verið þynnum stráð.

Ég tel okkur vera að ná árangri í bleikjueldi og ekki síst í markaðssetningu á þeirri tegund. Eldið er að ná þeirri stærð að geta orðið sjálfstæður iðnaður. Fyrirtæki í eigu Samherja hafa á þessu ári selt 30-60% meira af bleikju en árið af undan eftir afurðaflokkum. Þetta er heldur betra en áætlanir okkar gerður ráð fyrir. Þessi aukning er ofan á mikla aukningu milli 2006 og 2007. Þetta staðfestir að fiskurinn er góður og við erum að stefna í rétta átt. Í fyrra sagði ég á aðalfundinum að stærsta vikan í flökum var á sama tíma og fundurinn. Sú vika var ekkert einsdæmi og höfum við margslegið það met síðan. Ég tel að við höfum ástæðu til að vera bjartsýn á fiskeldi á Íslandi í dag hvort sem er í bleikju, laxahrognum eða laxeldi.

Ég hef oft áður fjallað um ímynd fiskeldis á Íslandi. Fiskeldi er ein mest vaxandi atvinnugrein sem hægt er að starfa við í heiminum í dag. Þetta er þekkingariðnaður sem krefst skapandi starfsfólks með áræði, dug



og hugmyndaauði að leiðarljósi. Við skulum því breiða úr okkur og vera stolt af okkar iðnaði sem á eftir að vaxa hérlendis eins og erlendis á næstu árum.

Ég vil að lokum segja að það eru þeir sem starfa í fiskeldi sem bera uppi ímynd hans og þess vegna þurfum við sjálf að vera stolt og ánægð með það sem við erum að gera og vita hvert við stefnum til að geta hrifið aðra með okkur. Án okkar er enginn árangur og enginn fiskeldisgrein.

2. Endurskoðaður ársreikningur fyrir 2008.

Guðbergur fór yfir reikninginn sem var endurskoðaður af Guðmundi Jens Þorvarðarsyni, löggiltum endurskoðanda án athugasemda og Jóhanni Peter Andersen kjörins endurskoðanda félagsins.

Rekstrartekjur fyrir árið 2008 voru 7.490.000 en voru 14.062.500 fyrir árið 2007.
Rekstrargjöld fyrir árið 2008 nam 8.335.010 á móti 8.285.105 fyrir 2007.

Fjármagnstekjur árið 2008 námu 807.743 en voru 209.336 fyrir árið 2007.
Niðurstaða efnahagsreiknings 31.12. 2008 var 8.201.309, þar af var eigið fé 8.016.926.

Farið var yfir einstaka liði ársreikning fyrir árið 2008, hann borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

3. Fé til ráðstöfunar fyrir starfsárið 2008.

Álögð félagsgjöld 2009:	4.845.000
Styrkir - Markaðsverkefni í bleikju AVS og FL:	6.100.000
Styrkir vegna norrænar ráðstefnu, AVS og FL:	1.250.000
Styrkir vegna stefnumótunarvinnu AVS:	1.400.000
Bankainnistæður 1/1 2009:	6.071.306
Fjármunatekjur:	150.000
Reiðufé alls:	19.816.306
Útborganir 2009	
Rekstrarsamningur við SF:	3.600.000
Erlend félagsgjöld (ISFA og FEAP):	1.000.000
Markaðsátak bleikju - eftirstöðvar 2008:	3.250.000
Markaðsátak bleikju - 2009:	6.500.000
Samnorræn ráðstefna - ferskvatnsfiskar:	1.250.000
Stefnumótun og ráðstefna fyrir fiskeldi	1.400.000
Fundir, ráðstefnur, ferðalög og annað:	300.000
Samtals gjöld:	17.300.000
Sjóðstaða 31/12 2009	2.516.306

4. Ákvörðun um árgjald.

Borin var upp tillaga um óbreytt árgjald frá fyrra ári, þ.e. 85.000 krónur á atkvæði og 42.500 krónur fyrir aukaaðild að félaginu og var það samþykkt.

5. Kosning formanns, stjórnar, varastjórnar og endurskoðanda

Fram kom ein tillaga um formann, stjórn og varamenn. Hún var samþykkt einróma.



Stjórn LF skipa.

Formaður stjórnar: Jón Kjartan Jónsson

Meðstjórnendur: Jónas Jónasson, Arnar Freyr Jónsson, Jóhann Geirsson og Benedikt Kristjánsson.

Varastjórn: Hlífur Karlsson, Hallgrímur Kjartansson og Kristján G. Jóakimsson.

Fundarstjóri bauð nýja menn í stjórn velkomna og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið í stjórn félagsins.

Kjör endurskoðenda.

Formaður bar upp tillögu um endurskoðendur, þá Jóhann Peter Andersen og Braga Bergsveinsson og tillagan var samþykkt.

6. Ákvörðun um laun stjórnar og endurskoðenda

Samþykkt var að stjórn verði án launa en kostnaður vegna endurskoðunar verði samkvæmt reikningi.

7. Önnur mál

Til máls tóku Hlífur Karlsson sem þakkaði framkvæmdastjóra LF gott og faglegt starf á sýningunni í Brussel og Hermann Kristjánsson sem ræddi um ímyndarmál fiskeldis á Íslandi og nauðsyn þess að fiskeldið verði sýnilegra og birti jákvæðar fréttir úr eldinu. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góðan fund, gott samstarfið á árinu og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 12:10

Fleira var ekki gert

Guðbergur Rúnarsson